



lichtgitter




BZ



BN-O



BP



BN-G

Vörulýsing ristar

Ristarnar eru smíðaðar úr flatjárnnum og teinum. Flatjárnin eru með raufum, þvert á þau eru teinarnir lagðir og rafsoðnir undir þrýstingi. Styrkur ristarinnar fer eftir því hversu þykkt og breitt flatjárnnið er, hversu mörg flatjárn eru í ristinni og hversu langt er á milli burðabita.

Algengast er þegar lagðar eru nýjar ristar að nota 1 bita sem burðarbitar en töluvert er líka um að ristar séu lagðar á trébita. Ristarnar eru hertar fastar á bitana með sérstökum krókum.

Möskvastærðir eru mismunandi eftir tegundum rista, algengustu tegundir eru: ristar fyrir bíla- og tækjaumferð þar sem möskvastærð er 34*38mm, ristar fyrir gangandi umferð með möskvastærð 34*51mm og öryggisgrindur (notaðar mikið í fjárhús) með möskvastærð 16*50mm.

Vörulýsing gataplanka

Gataplanka er hægt að fá úr stáli, zinkhúðuðu stáli og áli. Þeir fast í lengdum allt að 6m. nema ef þeir eru teknir kald-zinkhúðaðir þá fast þeir allt að 12m lengd. Unnt er að fá plankana frá 30mm þykkt að 100mm og breiddin getur verið frá 120mm að 480mm, mismunandi eftir gerðum.

Plankarnir fast í fjórum mismunandi tegundum:

BZ Plankinn er með mjög öflugri hálkuvörn og er sérstaklega hentugur þar sem mikið er um olíu, smurningu o.þ.h.

BN-O Götunin á plankanum er hönnuð til að veita góða hálkuvörn jafnframt því að þægilegt er að ganga á honum og hann hleypir vatni mjög vel niður.

BP Plankinn býður upp á sérstakt útlit sem gefur skemmtilega möguleika í útlitshönnun, hann er mjög opinn og hleypir því vatni mjög vel niður auk þess að veita góða hálkuvörn.

BN-G Plankinn hentar mjög vel þar sem er mikil gangandi umferð og ekki þarf að hleypa vatni niður.

Yfirborðsmeðhöndlun

Til að ending ristanna verði sem mest notar Sandblástur og Málmhúðun bestu þekktu aðferð sem til er við að koma í veg fyrir ryðmyndun. Ristunum er dýft í fljótandi zinkbað þannig að allt yfirborð þeirra húðast. Zinkið myndar húð sem endist í áratugi, endingin er margföld á við málningu og zinkhúðin er ekki eins viðkvæm. Þó að það komi rispur eða smá skemmdir í húðina þá myndar zinkið efnasambönd við stálið sem gerir það að verkum að ekki sest ryð í sárið. Raki kemst heldur ekki undir húðina og nær því ekki að sprengja vörnina frá.

Það verður að hafa í huga að ef það þarf að skera úr ristunum, fyrir t.d. lögnum eða vegna byggingarluta, verður það að gerast áður en ristarnar eru zinkhúðaðar.

Stál-ristar


Sandblástur og Málmhúðun hefur á lager stálristar og þrep úr ristaefni. Gataplankar, ristar úr áli og ryðfríu stáli eru sérpantaðar eftir óskum viðskiptavina. Ristarnar eru frá þýska fyrirtækinu Lichtgitter (<http://www.Lichtgitter.de>) sem hefur verið einn stærsti framleiðandi rista í Evrópu í framleiðslu rista frá árinu 1929.

Ristarnar eru fluttar til landsins í heilum mottum og eru þær efnaðar niður hér eftir pöntunum og zinkhúðaðar ef óskað er. Hægt er að fá ýmsar tegundir af stálistum sem henta mismunandi aðstæðum, það er hægt að fá þær bæði með sléttu yfirborði og rífluðu til að auka öryggi á hálum svæðum. Ristarnar henta t.d. mjög vel í göngubrautir, akbrautir, vinnu og viðhaldspalla og allstaðar þar sem þörf er á léttum, traustum og þrífalegum gólfum eða pöllum.

Stálristar frá Sandblæstri og Málmhúðun eru víða notaðar: SR Mjöl notar þær í loðnuverksmiðjur sínar víða um land. Í kítin verksmiðju SR Mjöls og Þormóðs Ramma á Siglufirði eru ristar frá Sandblæstri og Málmhúðun.

Margir bændur hafa endurnýjað gólfefni í fjárhúsum og fjósum með ristum.

Úr ristum frá Sandblæstri og Málmhúðun eru smíðaðir m.a.: stigar, gámabryr (sliskjur), lok á spennagryfjur fyrir RARIK, Landsvirkjun ofl.



Stál-ristar

Sandblástur & Málmhúðun

